

Tillaga um breytingar á samþykktum  
Fjórðungssambands Vestfirðinga  
Lögð fram á 60. Fjórðungspingi Vestfirðinga  
2. og 3. október 2015

## Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

### 1. gr. Heiti og heimili.

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

### 2. gr. Hlutverk.

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Markmið sambandsins eru:

- að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við, snúa að byggðaðpróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirsku vísu, **eða vinna að hagsmunamálum Vestfjarða** eftir því sem við á.

### 3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga.

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing skal kallað saman árlega, eigi síðar en í **maí**. Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað. Fjórðungsþing Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungsþings aðilum, sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Aukaþing skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukaping haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

Á fjórðungsþingi, sem haldið er á kosningarári til sveitarstjórna, skal fresta dagskrárliðnum kosning stjórnar til málþings að hausti, sbr. 5. gr.

#### **4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðavægi.**

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsþing og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsþing eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungsþingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 201-500 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 501-1000 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsþing.

#### **5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins.**

Á fyrsta Fjórðungsþingi eftir sveitarstjórnarkosningar skal kjósa fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara og skal kjörtímabil stjórnar vera tvö ár. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsþing formann stjórnar, **en stjórn kýs varaformann**. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjors fyrir en að jafnlöngum tíma liðnum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsþing ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

#### **6. gr. Framkvæmdastjóri.**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ræður framkvæmdastjóra sambandsins og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu sambandsins forstöðu og hefur á hendi fjármálastjórn. Framkvæmdastjóri á sæti á Fjórðungsþingi og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Hann skal leggja fram starfsskýrslu á Fjórðungsþingi. Framkvæmdastjóri ræður aðra fastráðna starfsmenn sambandsins í samráði við stjórn, markar starfssvið þeirra og gerir við þá ráðningarsamninga, eftir því sem við á.

#### **7. gr. Ársreikningur.**

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

## 8. gr. Dagskrá Fjórðungspings.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping endurskoðaða ársreikninga, tillögu til fjárhagsáætlunar og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði reikningarnir og fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsping. Á dagskrá Fjórðungspings skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og ákvörðun um árstíllag.
4. Starfsáætlun fyrir komandi ár.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns (annað hvert ár).
6. Kosning í fastanefndir (annað hvert ár).
7. Laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

## 9. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. Á Fjórðungspingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir; í samgöngunefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins. Í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða skulu kjörnir níu fulltrúar, fjórir fulltrúar er komi úr hópi aðal- og eða varafulltrúa í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum og fimm fulltrúar úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókn og háskólastofnunum. Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsping kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsvettvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

## 10. gr. Málþing

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal halda málþing um hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum í september mánuði ár hvert. Á málþingið hafa kjörgengi fulltrúar sveitarfélaganna samkvæmt 3. grein samþykkt þessara. Stjórn Fjórðungssambandsins er heimilt að bjóða til málþingsins aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins, með málfrelsi og tillögurétt. Málþingið getur ályktað um þau mál sem borin eru þar upp og ræður afl atkvæða niðurstöðu máls.

### **11. gr. Kostnaður.**

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundahöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af sambandinu. Þóknanir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungsþingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa.

### **12. gr. Breytingar á samþykktum.**

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta **má samþykktum** þessum á Fjórðungsþingi og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

### **13. gr. Um aðild og úrsögn.**

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar sambandsins eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsþing og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild. Ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir Fjórðungsþing.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykka aðild skal greiða fyrir eignarhlut sinn í sambandinu í hlutfalli við íbúafjölda, miðað við 1. janúar. Miða skal við hreina eign sambandsins, miðað við síðustu áramót.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í sambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en sex mánuðum fyrir Fjórðungsþing og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Á kosningarári til sveitarstjórna skal úrsögn tilkynnast fyrir 1. júlí. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í sambandinu. Greiðsla til sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

### **14. gr. Slit.**

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema tvö löglega boðuð Fjórðungsþing samþykki það með 2/3 hluta atkvæða. Þingin skulu haldin með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

### **15. gr. Gildistökuákvæði**

**Samþykkt á 60. Fjórðungsþingi Vestfirðinga 3. október 2015. Samþykktir þessar taka gildi þann 1. janúar 2016. Þó skal kosning í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fara fram á 60. Fjórðungsþingi Vestfirðinga og er menningarráð lagt niður frá sama tíma.**